

## Samruni FISK-Seafood ehf. og Steinunnar hf.

1. Þann 15. september 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Kidda Dóra ehf. og Steinunnar hf. Kiddi Dóra er dótturfélag sjávarútvegsfyrirtækisins FISK-Seafood ehf. sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Aðalstarfsemi Steinunnar er útgerð fiskiskipsins Steinunn SH-167. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 16. september 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
  - a) FISK-Seafood móðurfélag Kidda Dóra er eitt af stærri sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og gerir út alls fimm fiskveiðiskip. Félagið stundar bolfiskveiðar. Dótturfélög FISK-Seafood eru Soffaníás Cecilsson ehf., FISK-Seafood fjárfesting ehf. og Ölduós ehf. FISK-Seafood fjárfesting heldur utan um hlutabréfaeign fyrirtækisins í Vinnslustöðinni hf., en um er að ræða 33% eignarhlut í Vinnslustöðinni hf. Hlutdeildarfélög FISK-Seafood eru Verið ehf. og Fóðurblandan ehf.
  - b) FISK-Seafood er líkt og áður segir í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Starfsemi KS er nokkuð fjölbreytt og fer starfsemin að hluta til fram í dótturfélögum. Starfsemi KS og dótturfélaga, annarra en FISK-Seafood, tengist þó ekki starfsemi samrunaaðila með beinum hætti. KS starfar m.a. á sviði mjólkur- og kjötframleiðslu og dagvöruverslunar.
  - c) Steinunn er útgerðarfyrirtæki sem gerir út fiskiskipið Steinunni SH-167.
3. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu markaða tengdum sjávarútvegi. Að mati samrunaaðila varðar samruninn einkum markað fyrir veiðar á botnfiski við Ísland og markað fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins varðar mál þetta einkum markað fyrir veiðar á bolfiski, þar sem starfsemi samrunaaðila skarast, en sá markaður hefur verið talinn afmarkast við Ísland, sbr. t.d. ákvörðun eftirlitsins nr. 6/2011, *Samruni Vinnslustöðvarinnar hf., Hugins ehf. og Löngu ehf.* Samruninn kann einnig að hafa áhrif á markað fyrir vinnslu og sölu á sjávarafla.
4. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Hvorugur samrunaaðila hefur markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir fiskveiðar eða markaði fyrir vinnslu og sölu á sjávarfangi. Þá hefur samruninn það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist þar sem ætla má að markaðshlutdeild sameinaðs félags á mörkuðum málsins verði í beinu hlutfalli við þær aflaheimildir sem félagið mun hafa yfir að ráða í kjölfar samrunans.
5. Samkvæmt upplýsingum um úthlutun heildarafla eftir þorskígildum fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 er FISK-Seafood þriðja stærsta útgerðarfyrirtæki landsins með 6,22% hlutdeild.



Hlutdeild Steinunnar er um 0,33% af úthlutuðum heildarafla til fiskiskipa. Af þessum upplýsingum er ljóst að takmörkuð samþjöppun leiðir af samrunanum og ekki eru vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti.

6. Líkt og áður segir á FISK-Seafood 33% eignarhlut í Vinnslustöðinni í gegnum dótturfélag sitt. Í ákvörðun eftirlitsins nr. 3/2021, *Samruni FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf.*, voru þessi eignatengsl rakin og vakin á því athygli að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, geti á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyrivalda. Þannig geti komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yfirráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum. Þá geti komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögsmætu samráði.
7. Í þessu máli, líkt og í ákvörðun nr. 3/2021 er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau hafi áhrif á efnislegt mat málsins.
8. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Kidda Dóra ehf., dótturfélags FISK-Seafood ehf., á 60% hlutfjár í Steinunni hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson